

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Óseyri, hjáleið fyrir þungaflutninga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Breytingin felst í því að Óseyri, hjáleið fyrir þungaflutninga, lengist til austurs með ströndinni og tengist Austurvegi austan íbúðarhússins nr. 24 við Austurveg og hluti Austurvegar frá Melgerði að nýrri veltengingu fellur niður. Landnotkun á lóðinni Austurvegur 24 og svæðinu norðan hennar verður verslunar- og þjónustusvæði í stað annarsvegar íbúðarsvæðis og hinsvegar opins svæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.